

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 2/1982 um innheimtu þinggjalda og greiðslu barnabóta á árinu 1982 o. fl., sbr. reglugerð nr. 337/1982.**

1. gr.

2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 337/1982, orðist svo:

Sé heildarfjárhæð eftirstöðva barnabóta lægri en 2 000 kr. skal þeim skipt niður á færri útborgunardaga þannig að lægri fjárhæð en 800 kr. skal ekki skipt og engin greiðsla verði lægri en 400 kr. vegna skiptingar. Útborgun fer þá fram á fyrstu útborgunardögum skv. 1. mgr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 13. júlí 1982.*

F. h. r.

**Höskuldur Jónsson.**

*Árni Kolbeinsson.*